



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIMSPING CLINTONS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson var meðal frummælenda í umræðum um loftslagsbreytingar og orkumál á heimspingi Bills Clintons fyrrum Bandaríkjaforseta, Clinton Global Initiative. Heimspingið fer fram þessa dagana í New York og það sækja þjóðarleiðtogar víða að úr veröldinni, forystumenn alþjóðastofnana, vísindamenn, sérfræðingar, áhrifafólk í baráttusamtökum og fulltrúar fjölmiðla.

Á heimspinginu er fjallað um ýmis brýn vandamál sem efst eru á baugi og þar hefur farið fram viðtæk umræða um áhrif orkubúskapar heimsins á loftslagsbreytingar.

Í umræðunum lagði forseti Íslands áherslu á að fordæmi Íslendinga sýndi að hægt er á fáeinum áratugum að hverfa frá notkun olíu og kola við framleiðslu á rafmagni og húshitun og festa í staðinn í sessi orkubúskap sem byggist á nýtingu hreinna orkugjafa. Þá rakti forseti einnig ýmis samstarfsverkefni sem Íslendingar taka þátt í víða um heim og nefndi sérstaklega hitaveituverkefnið í Kína sem sýndi að hægt er að draga stórfelldlega úr mengun í kínverskum borgum með því að hverfa frá kyndingu með kolum og byggja í staðinn öflugar hitaveitur.

*28. september 2007*

*Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028),  
Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands  
(540 4400).*